

Garðabær
b.t. Guðbjargar B. Gísladóttur
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 10. maí 2021
UST202103-439/P.V.B.
09.07.01

Umsókn um leyfi til framkvæmda - Garðahraun - stígagerð

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Garðabæjar, dagsett 26. mars 2021, um leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins í Garðahrauni, Vífilstaðahrauni og Maríuhellum.

Garðahraun, Vífilstaðahraun og Maríuhellar eru friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 510/2014. Óheimilt er að raska jarðminjum innan svæðisins. Allar framkvæmdir sem verða heimilaðar skulu miðast við að halda markmiðum friðlýsingarinnar og vernda jarðmyndanir. Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka fólkvangsins eru óheimilar nema með leyfi Garðabæjar og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnumaráætlun.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi fyrir lagningu göngustígs um Garðahraun. Yfirlitsmynd sem sýnir legu stígsins, áningarstaðar, aðkomu verktaka að framkvæmdasvæði og staðsetningu ljósastaura fylgdi með umsókn. Stígstæðið mun verða fjögurra metra breitt, þar af verður stígurinn þriggja metra breiður. Sitthvoru megin við stíginn verður 50 cm öxl. Stígstæðið verður jafnað út og er miðað við að stígurinn verði sem næst núverandi landhæð. Jarðrask tengt framkvæmdinni mun takmarkast við stígstæðið eftir því sem við verður komið. Teikning sem sýnir staðsetningu fláa og skeringa fylgdi með umsókn. Skeringar og fláafleygar verða jafnaðir samkvæmt kennisniðum. Við framkvæmdirnar verður burðarhæft efni úr stígstæðinu nýtt í gerð stígsins og fláa. Það efni sem ekki nýtist verður flutt af svæðinu. Ráðgert er að koma fyrir áningarstað við stíginn. Staðsetning hans verður ákveðin þegar búið er að jafna út stígastæðið. Hönnun hans og útlit er sýnt á teikningu sem fylgdi umsókn. Mosi verður fjarlægður úr stígstæðinu áður en framkvæmdir hefjast og haldið til haga. Að framkvæmdum loknum verður honum dreift yfir fláafleyga og skeringar. Steinar og hraunmolar úr stígstæðinum verða einnig settir til hliðar og dreift yfir fláa. Aðstaða verktaka verður utan fólkvangsins. Við framkvæmdina verða notaðar vélknúnar vinnuvélar og verður notkun þeirra bundin við stígstæðið. Að verkinu koma 4-5 starfsmenn og er verktími áætlaður frá maí til september 2021. Framkvæmd er í samræmi við gildandi deiliskipulag af svæðinu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að nýr stígur í fólkvanginum mun hafa jákvæð áhrif á upplifun gesta svæðisins og auki möguleika almennings á að njóta þess. Framkvæmdin mun hafa sjónræn áhrif að einhverju marki og gestir verði fyrir truflun á meðan framkvæmdum stendur. Mat Umhverfisstofnunar er að 6 metra háir ljósastaurar muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og upplifun gesta vegna ljós- og sjónmengunar. Stofnunin telur að lægri lýsing myndi bæta upplifun gesta og vernda náttúrulega ásýnd svæðisins og fagurfræðilegt gildi þess.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Garðabæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum innan fólkvangsins í Garðahrauni, Vífilstaðarhrauni og Maríuhellum sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 1. maí til 30. september 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur og tryggja skal að það yfirborð utan göngustígsins sem raskast verði sem náttúrulegast.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins.
- Einungis skal aka vinnuvélum sem notaðar verða vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Hönnun lýsingar skal vera með þeim hætti að hún falli sem best að landslagi og hafi sem minnst sjónræn áhrif.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

René Biasone
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur